



Upplýsingar frá skrifstofu:

Við reiknum með að félagsmenn sem eru verktakar skili mánaðarlega inn til skattsins staðgreiðslu og tryggingargjaldi sem reiknað er út frá „**reiknuðu endurgjaldi**“ sem metið er sem mánaðarlaun.

Af þeirri sömu upphæð er 1,2% kjarafélagsgjaldið reiknað sem greitt er mánaðarlega eins og skatturinn. Launþegar greiða sama gjald af sínum heildarlaunum sem vinnuveitandi skilar inn.

Félagsmenn aðildarféлага BHM eiga aðild að sjóðum Bandalagsins með því að verktakar greiði sjálfir sitt mánaðarlega framlag í þá en vinnuveitendur greiða í þessa sjóði fyrir launþega. Það er um að gera að skoða hvaða réttindi sjóðirnir veita og hér eru upplýsingar um það: [Styrkir og sjóðir BHM](#)

Til að gera skil á kjarafélagsgjaldinu og greiðslum í sjóði er einfaldast að fylla út rafræna skilagrein sem er á heimasíðu BHM: [Rafræn skilagrein](#) Fljótlega eftir að skilagreinin hefur verið send inn rafrænt, stofnast krafa í heimabanka á þeirri kennitölu sem skráð er í *kennitala launagreiðanda*. Þetta þarf að gerast mánaðarlega um leið og gerð eru skil á staðgreiðslu skatta.

Það þarf að skrá reiknaða endurgjaldið í báða dálkana – *Dagvinnulaun og Heildarlaun* þá reiknast sjálfkrafa félagsgjaldið og framlögin í sjóðina. Með því að velja stéttarfélag er rétt prósentu valin fyrir félagsgjaldið. Ef óskað er eftir að sleppa greiðslum í einhverja sjóði er hakað við þann sjóð. Athugið að réttindin í sjóðina eru talin í mánuðum og þarf að greiða þau samfellt mánaðarlega.

Hér eru [upplýsingar fyrir launagreiðendur](#) á heimasíðu BHM sem gott er að kynna sér.

Bókunarmiðstöð BHM hefur netfangið skbib@bhm.is ef þarf að spyrjast fyrir um skilagreinar eða greiðslur.

Fagaðildargjaldið kr. 22.000 er hins vegar rukkað af félaginu beint í heimabanka á kennitölu félagsmanns tvisvar á ári í mars og september kr. 11.000 í hvort skipti.

Kv.

Fjóla Jónsdóttir, frkv.stj.

Þjónustuskrifstofa SIGL

Borgartúni 6 – 105 Reykjavík

S. 595-5186 – sigl@bhm.is

www.sigl.is

Fyrir félög:

Sjúkraþjálfara – FS

Iðjuþjálfara – IPÍ

Geislafræðinga – FG

Lífeindafræðinga - FL